



# **Kvennalistinn**

„Saga mikilla átaka, saga sigra og ósigra, saga gleði og vonbrigða“

Kristín Erla Benediktsdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# Kvennalistinn

„Saga mikilla átaka, saga sigra og ósigra, saga gleði og vonbrigða“

Kristín Erla Benediksdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði  
Leiðbeinandi: Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir

Stjórn málafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Útskriftarmánuður Ár

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Kristín Erla Benediktsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

## Útdráttur

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara þeirri spurningu hvort Kvennalistinn hafi, með framboði sínu til Alþingis og þingsetu í 16 ár, haft tilætluð áhrif, þá bæði á samfélagið og eins á fjölgun kvenna í stjórnámálum. Til að leita svara við þeirri spurningu verður hugmyndafræði Kvennalistans skoðuð og hvaða áhrif hugmyndafræðin hafði á þróun Kvennalistan og hvernig hún þróaðist í takt við vöxt hreyfingarinnar. Einnig verða þau málefni sem Kvennalistinn kom á dagskrá stjórnámálanna skoðuð og metið hvernig til tókst.

Kvennalistinn var grasrótahreyfing og verður farið yfir hvernig Kvennalistanum sem hreyfingu farnaðist í því umhverfi sem hann varð til í.

Helstu niðurstöður eru þær að Kvennalistinn hafði mikil áhrif og greiddi meðal annars leið íslenskra kvenna inn á svið stjórnámálanna. Hinir rótgrónu stjórnámálaflokkar sem áður höfðu haft konur til málamynda á sínum framboðslistum tóku við sér og fljótlega var ljóst að án kvenna væri ekki hægt að sigra kosningar. Hugmyndafræði Kvennalistans sem gagnrýnd var fyrir mæðra- og eðlishyggju varð til í því umhverfi að nauðsynlegt var að berjast fyrir auknum réttindum kvenna innan kerfisins. Kvennalistinn var róttæk stjórnámálahreyfing sem hreyfði við samtímanum með tilvist sinni.

## Efnisyfirlit

TÖFLUSKRÁ.....	5
INNGANGUR .....	6
1 HUGMYNDAFRÆÐIN – KVENNAMENNING .....	8
2 UPPHAFIÐ .....	13
3 KVENNALISTINN VERÐUR TIL .....	16
4 STEFNUMÁL KVENNALISTANS .....	18
5 ÞRÓUN KVENNALISTANS.....	21
6 GRASRÓTARHREYFING OG KERFISBUNDIN ÚTSKIPTI.....	22
7 GAGNRÝNI Á HUGMYNDAFRÆÐI KVENNALISTANS .....	25
8 ENDALOK KVENNALISTANS .....	29
NIÐURSTAÐA .....	33
HEIMILDASKRÁ .....	35

## Töfluskra

Tafla 1 – Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum eftir kyni 1853 – 2009

## Inngangur

Íslenskri kvennabaráttu má skipta í þrjú tímabil. Það sem einkennir helst kvennabaráttuna á Íslandi er að hún er réttindabarátta. Konur kröfðust ákveðinna réttinda en þeim fylgdu um leið ákveðnar skyldur. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 1994, bls. 89)

Fyrst var það barátta aldamótakvenna sem snerist fyrst og fremst um að konur fengju lagaleg réttindi á borð við kosningarétt, kjörgengi og rétt til að mennta sig. Þeirri baráttu lauk með fullum sigri kvenna en þrátt fyrir þessi réttindi voru konur samt sem áður nánast útilokaðar frá þátttöku í stjórnámálum og áttu karlar hið pólitíska svið fram eftir 20. öldinni (Þorgerður Einarsdóttir, 2000).

Þá tók við annað tímabil, tímabil Rauðsokkahreyfingarinnar sem var virk frá 1970-1980. Á því tímabili börðust konur fyrir réttinum til launaðrar vinnu (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 1994, bls. 92). Stefna Rauðsokkahreyfingarinnar fól í sér að konur áttu að afneita öllu kvenlegu og verða líkari karlmönnum. Stefna Rauðsokkahreyfingarinnar leiddi af sér að gildi og áherslur karlasamfélagsins væri það sem væri eftirsóknarvert (Kristín Ástgeirsdóttir, 1988, bls. 9).

Þegar Rauðsokkahreyfingin leið undir lok tók við þriðja tímabilið þar sem konur börðust innan valdakerfisins með Kvennaframboði sem bauð fram í sveitarstjórnarkosningum og Kvennalista sem bauð fram til Alþingis (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 15-16). Þessi ritgerð mun fjalla um framboð Kvennalistans til Alþingis og er undirtitill ritgerðarinnar úr bók Kristínar Jónsdóttur, „Hlustaðu á þína innri rödd“ á bls 9.

Framboðið var róttækt femínískt framboð sem ætlað var að koma kvennapólitískri sýn á málefni sem löngum höfðu verið þöggðu niður. Kvennalistinn ætlaði sér með hugmyndafræði sinni um sameiginlegan reynsluheim kvenna að styrkja ímynd kvenna og gera konur sýnilegar sem sterka gerendur (Kvennalistinn, 1991, bls. 27). Kvennalistakonur sameinuðust um ýmiss málefni sem voru tengd hagsmunum kvenna og barna. Innan hreyfingarinnar voru konur úr ólíkum áttum, með ólíkar skoðanir sem sameinuðust um ákveðna hugmyndafræði.

Kvennalistakonur voru sammála um að nauðsynlegt væri að umbylta ríkjandi hefðum, umbylta hinu pólitíska kerfi og koma að málefnum kvenna og barna. Kvennalistakonur vildu breyta vinnubrögðum stjórnámálanna, þær vildu lýðræðislegri stjórnámál þar sem raddir alls samfélagsins fengju rými. Þær vildu breyta áherslum stjórnámálanna og beina kastljósinu að

sérstöðu kvenna og skapa þeim jákvæða ímynd. Þær vildu að konur öðluðust frelsi til að tjá sig og koma sínum skoðunum á framfæri á forsendum kvenna (Kristín Ástgeirsdóttir, 1988, bls. 9).

Ég hef lengi velt í því fyrir mér hvers vegna ég vissi jafn lítið og raun bar vitni um Kvinnalistann. Ég vissi að hann bauð fyrst fram til Alþingis árið 1983 og endaði svo lífdaga sína í Samfylkingunni en ég vissi ekki mikið meira en það. Því ákvað ég að lokaverkefnið mitt til BA-prófs frá stjórnmálafræðideild við Háskóla Íslands myndi fjalla um Kvinnalistann og áhrif hans á íslenskt samfélag. Eftir því sem ég las meira um þessa merkilegu grasrótahreyfingu fór að færast betri mynd á það hvað ég ætlaði mér að leggja áherslu á.

Hugmyndafræði Kvinnalistans vakti sérstaka athygli og verður fyrsti kafli ritgerðarinnar tileinkaður þeirri hugmyndafræði, hvaða áhrif hún hafði og hvernig hún þróaðist. Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður farið yfir upphafið sem var sértækt Kvannaframboð í Reykjavík og á Akureyri og hvernig sú hugmynd þróaðist yfir í Kvinnalistann sem bauð fram til Alþingis en saga Kvinnalistans og áhrif verður megin inntak ritgerðarinnar.

Þriðji kafli ritgerðarinnar verður tileinkaður stefnumálum Kvinnalistans og hvernig Kvinnalistinn vakti máls á málefnum sem löngum höfðu verið þöggud. Kvinnalistakonur óttuðust að völd myndu skemma fyrir hugmyndafræði framboðsins enda tengdust völd karlavelðinu og þeim gildum sem þær vildu berjast gegn og fjallar fjórði kafli ritgerðarinnar um þær hugmyndir og ríkisstjórnarmyndunarviðræður sem Kvinnalistinn tók tvívegis þátt í. Kvinnalistinn var ekki stjórnmálaflokkur í eiginlegri merkingu heldur „þriðja víddin“, grasrótahreyfing sem hvorki skilgreindi sig til hægri né vinstri og um það fjallar fimmti kafli ritgerðarinnar og hvernig hreyfingunni tókst að fóta sig í heimi karla stjórnmála. (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 13)

Sjötti kafli ritgerðarinnar fjallar svo um gagnrýni á hugmyndafræði Kvinnalistans en kvinnalistakonur voru sakaðar um að hugmyndafræði útilokaði þær konur sem ekki ættu börn vegna þess að hreyfingin væri mæðrahyggjuhreyfing og æli sú hugmyndafræði á eðlishyggju. Fulltrúar Kvinnalistans mótmæltu þessari gagnrýni alla tíð og sögðu að hugmyndafræðinni væri aðeins ætlað að finna það sem sameinaði konur, óháð stétt og uppruna (Guðrún Vilmundardóttir, 1995). Í loka kafla ritgerðarinnar verða dregnar saman niðurstöður.



# 1 Hugmyndafræðin – kvennamenning

Kvennalistinn sótti hugmyndafræði sína til Kvænnaframboðsins sem stofnað var 1981 og verður fjallað um þá hugmyndafræði í þessum kafla.

Hugmyndafræði Kvænnafræðistans var byggð á róttækum femínisma (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994, bls. 29). Samkvæmt róttækum femínisma eru konur kúgaðar á grundvelli kyns síns. Hið karllæga er ráðandi en kvenlæga undirskipað og einkennist þjóðfélagið þannig af karlaveldi. Karlaveldið er svo söguleg, samfélagslega og menningarlega djúpt grafið að það hefur staðið af sér allar helstu breytingar sögunnar (Þorgerður Einarsdóttir, 2004, bls. 212).

Á sama tíma og Kvænnaframboðið var að koma fram komu þær Berit Ås og Elin Wägner fram með kenningar um að konur ætti sér sameiginlegan reynsluheim eða kvennamenningu, vegna þess að í gegnum aldirnar hefðu konur borið ábyrgð á börnum, öldruðum og sjúkum (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 16-17).

Þessi krafa um sýnileika kvenna, sem tengdist hugmyndinni um formlegt jafnrétti og baráttunni við að ryðja hindrunum úr vegi, beindist oft að kúgun kvenna og mismunun. Hugmyndinni um kvennamenningu var ætlað að hefja konur og tilveru þeirra til vegs og virðingar (Þorgerður Einarsdóttir, 2004, bls. 221). Með kvennamenningunni var dregin fram hin jákvæða ímynd kvenna í stað þeirrar dauðu myndar af konum sem fórnarlömbum. (Nýfrjálshyggjan einkar kvenfjandsamleg, 1985, bls. 6) Konur bjuggu að annarri reynslu en karlar og höfðu annað gildismat, umhyggju, innsæi og heildarsýn sem boðaði að konur væru ekki fórnarlömb heldur sterkar og sjálfstæðar (Þorgerður Einarsdóttir, 2004, bls. 221).

Áhrif þessara kenninga voru mikil við stofnun Kvænnaframboðsins og Berit Ås og Elin Wägner voru kvænnaframboðskonunum ákveðnar fyrirmyndir þó að þær hafi ekki endilega sökkt sér niður í femínísk fræði við mótun hugmyndafræðinnar (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 47).

Hugmyndin um kvennamenningu voru kynntar á einum af þeim fundum sem haldnir voru til undirbúnings kvænnaframboði til borgarstjórnar. Konurnar vildu, í stað þess að ganga í lið með körlunum, skapa sitt eigið pólitíksa kerfi byggðu á femínískum gildum og sameiginlegum reynsluheimi kvenna (María Jóhanna Lárusdóttir, 1986, bls. 51). Þær sögðu að á meðan sameiginlegur sögulegur skilningur sameinaði þær og hugmyndafræðin væri afdráttarlaus, sem gæfi hreyfingunni um leið mikla breidd, væri femínismi pólitík (Hvað

höfum við lært?, 1985, bls. 48). Konurnar töldu að til þess að ná fram persónulegu frelsi kvenna þyrfti pólitíska baráttu (Þorgerður Einarsdóttir, 2004, bls. 200).

Kenningar um kvennamenningu byggja á þeirri hugmynd að konur eigi sér sameiginlegan reynsluheim sem grundvallast á kynferði. Allar konur eiga þennan reynsluheim sameiginlegan samkvæmt kenningunni, óháð stétt eða stöðu. Rótgrónar hugmyndir um hlutverk kvenna eins og að konur ali af sér börn, fæði þau og klæði sem og sjá um önnur umönnunarstörf, skapa þennan sameiginlega reynsluheim (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 32). Þessi sérstaki reynsluheimur kvenna, kvennamenningin hafði verið þöggðu niður meðal annars með því að karlar sem hafa haft fjármagn, menntun og tíma til að stunda ritstörf og fræðimennsku hafa aðeins fjallað um það sem körlum hefur þótt þess virði að fjalla um (Hvað höfum við lært?, 1985, bls. 48).

Konur áttu erfitt uppdráttar í hinu karllæga samfélagi og var vitneskjan um sérstaka kvennamenningu einn af mikilvægustu lífgjöfum kvenréttindabaráttunnar. Kvennamenningin bæði styrkti sjálfsvitund kvenna og gerði konum betur grein fyrir hvers vegna þær áttu erfitt uppdráttar (Inga Dóra Björnsdóttir, 1981, bls. 11) og hvers vegna ekki hefði verið hægt að finna þeim stað í samfélagsskipaninni sem þær bjuggu í og hefðbundnum kenningum fræðigreinnanna (Þorgerður Einarsdóttir, 2004, bls. 221).

Vitneskjan um kvennamenningu leiddi til þess að konur gátu krafist þess að fullt tillit væri tekið til þeirra leikreglna og að saga þeirra og menning fengju jafn stórt pláss og menning og saga karlmannna, í þjóðarvitundinni (Inga Dóra Björnsdóttir, 1981, bls. 11).

Hugmyndin um sérstaka kvennamenningu var lögð fram á framboðsfundi kvennaframboðsins og var ákveðið uppgjör fyrir þær konur sem komu úr sósíalísku umhverfi (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 30). Viðbrögðin við hugmyndinni voru tvenns konar. Meirihluti hópsins var reikandi í afstöðu sinni, þótti ýmislegt forvitnilegt og jákvætt en áttaðu sig ekki alveg á því hvert þessi hugmyndafræði myndi leiða. Síðan voru það þær sem voru alfarið á móti hugmyndafræðinni (Svava Guðmundsdóttir, 1981, bls. 12).

Konur fóru að tala saman og segja frá sinni reynslu. Þær fundu að þær höfðu allar sömu söguna, sömu reynsluna sem ákvarðaðist af kynferði þeirra. Konur gerðu nú kröfu um sýnileika, þær vildu gera reynsluheim kvenna að pólitísku fyrirbæri (Guðný Guðmundsdóttir, 1983, bls. 12).

Þessar hugmyndir um kvennamenningu voru nýjar og umdeildar á þessum tíma. Að lokum fór það svo að ekki náðist samstaða um að nota hugtakið kvennamenningu því kvennaframboðskonur töldu að hugtakið gæti fælt konur frá þátttöku. Kvennaframboðskonur

töldu að hugtakið væri eitthvað sem aðeins menntakonur myndu skilja. Kvænnaframboðið átti að vera fyrir allar konur, óháð stétt og stöðu og því var sameinast um að nota hugtakið „reynsluheimur kvænna“ (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 48).

Kvænnaalistinn byggði á sömu hugmyndafræði og Kvænnaframboðið (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 161). Kvænnaalistakonur vildu rétta af þann lýðræðishalla sem var í samfélaginu með því að koma að fulltrúum kvænna þar sem ákvarðanir voru teknar (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 47). Til þess að það væri mögulegt þurftu konur að sameinast um ákveðna hugmyndafræði, einhvern sameiginlegan grunn sem konur gátu sameinast í. (Kristín Ástgeirsdóttir, Hvert liggja ræturnar, 1988, bls. 9). Kvænnaalistakonur sögðu að reynsluheimur kvænna og viðhorf þeirra til hinna ýmsu mála væru önnur en karlmanna, vegna þeirrar þjóðfélagslegu stöðu sem þær voru oft í og því töldu þær eðlilegt að konur fengju að segja eitthvað um sín málefni sjálfar (Helga Kress, 1981, bls. 2).

Kvænnaalistakonur höfnuðu hugtökum eins og „hægri“ og „vinstri“ og aðgreindu sig þannig frá fjórflokkunum. Þær voru þriðja víddin og settu fram pólitíska stefnuskrá sem byggði á þessari femínísku hugmyndafræði (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 13). Stjórnmalaflokkar á Ísland voru á þessum tíma skilgreindir á hefðbundinn hátt í „hægri“, „vinstri“ eða „miðjuflokka“. Hugmyndafræði Kvænnaalistans var ekki hægt að staðsetja á hinn hefðbundna pólitíska ás vegna þess að sú skilgreining var smíðuð á forsendum karla og tók ekki mið af stöðu kvænna né þeim málefnum sem Kvænnaalistinn vildi koma á dagskrá stjórnmalanna (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 35-36).

Þrátt fyrir að hafa haldið þessari sýn á lofti lengi vel var oft talað um að Kvænnaalistinn væri vinstri flokkur og að listinn hefði oft hangið aftan í Alþýðubandalaginu í málflutningi sínum. Þessu vísuðu kvænnaalistakonur á bug og bentu iðulega á að pólitík Kvænnaalistan væri byggð upp á allt annarri reynslu en þeirri karlapólitík sem stunduð væri í hinum hefðbundnu stjórnmalaflokkum (Valkostur vinstri manna, 1987, bls. 11). Kvænnaalistinn byggði hugmyndir sínar og stefnu á sameiginlegri reynslu allra kvænna og sögðu að sú reynsla væri hvergi skilgreind innan hægri, vinstri forsenda íslenskra karlastjórnmalanna. Kvænnaalistinn var ný vídd sem byggði á kvænnapólitík sem er annars konar pólitík en sú flokkspólitík sem hinir rótgrónu stjórnmalaflokkar ráku (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 1987, bls. 16).

Það var vilji Kvænnaalistan að breyta samfélaginu og stofnunum þess innan frá. Þær vildu samfélag sem rúmaði kvænnapólitík og sérhagsmuni kvænna (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 13). Þær vildu kom af stað hugarfarsbyltingu hvað varðaði stöðu kvænna og barna og hvernig samfélagið ætti að vera. Þær töldu það vera spurningu um vilja og lýðræðishugsun

(Kvennalistinn, 1991, bls. 27). Í lýðræðiskerfi sem stendur undir nafni ætti að vera pláss fyrir konur, hvort sem þær eignast börn eða ekki (Herngren, Swedenmark, Wennström, 1999, p. 15).

Á svipuðum tíma og þær Berit Ås og Elin Wägner settu fram sínar kenningar setti Carol Gilligan fram kenningar um æðri siðferðisvitund kvenna (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 17). Í bók sinni „*In a Different Voice*“ lagði Gilligan fram kenningu um að karlar og konur hefðu ólíkar hugmyndir um siðgæði. Hugmyndir Gilligan komu af stað umræðu sem hafði mikil áhrif á þróun mæðrahyggju (Anna Sveinbjarnardóttir, 1993, bls. 50). Kvennalistakonur voru sömu skoðunar og Gilligan um að sterk tilfinningatengsl og umhyggjusjónarmið væru einkennandi fyrir konur. Þessi gildi voru konum ekki eðlislæg heldur félagslega og menningarlega mótuð (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 17).

Mæðrahyggja Kvennalistans á um margt skilt við kenningar Carol Gilligan og Nancy Chodorow sem setti fram svipaða kenningu og Gilligan, en þær álitu að konur, vegna ólíkra tengsla sona og dætra við móður sína á fyrstu þremur æviárunum, umhyggjusamari og næmari fyrir tengslum en karlar (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 53-54). Kvennalistakonur lögðu áherslu á að koma umhyggju- og ábyrgðarsjónarmiðum í víðasta skilningi inn í stjórn málaumræðuna og var það liður í þeirri viðleitni að horfa á konuna og túlka hennar reynslu og sýn á lífið í stað þess að gagnrýna aðeins þau öfl í sögunni sem útskýra stöðu kvenna (Anna Sveinbjarnardóttir, 1993, bls. 51). Kvennalistakonur sáu að samfélagið tæki ekki tillit til sérstöðu kvenna og kröfust breytinga. Þær vildu að vinnumarkaðurinn væri skipulagður á þann hátt að konur gætu tekið þátt á sömu forsendum og karlar, þrátt fyrir að eignast börn (Kristín Ástgeirsdóttir, 1988, bls. 9-10). Mæðrahyggjan var ekki einsleit stefna heldur leið til að varpa sýn á sérstöðu kvenna en þessi sérstaða markaðist af hugmyndum um umhyggju, sterkri siðferðiskennd og réttlæti sem var undirtónninn í stefnuskrá Kvennalistans alla tíð (Auður Styrkáróttir, 1997, bls. 276-277).

Gilligan var oft gagnrýnd fyrir þessar hugmyndir sínar um ólíkt siðferði kynjanna og hefur til dæmis verið bent á að ef um einhvern mun sé að ræða megi rekja hann til menntunar eða þjóðfélagslegrar stöðu viðkomandi en ekki að það væri einhver eðlislægur munur á kynjunum (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 53-54).

Eðlishyggju má rekja til kenninga Aristótelesar en kenning hans gengur út frá því að aðeins sé til eitt eiginlegt kyn, karlkyn og út frá því leiðir hann kvenkyn. Þessi kenning hans fjallar um líffræðilegan kynjamismun og hefur verið skilgreind sem „eins-kyns kenning“. Karlkynið er hið eina upprunalega kyn samkvæmt kenningunni og konan frávik frá því.

Hlutverk kvenna er fyrst og fremst að ganga með og ala upp börn og er það eðli þeirra. Konur er því í raun aðeins náttúruleg nauðsyn samkvæmt kenningunni og hafa ekki eðli til að taka á sig hlutverk utan heimilisins (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 22-23). Þannig gengur eðlishyggjan út á að skýra mun kynjanna með vísan til óbreytanlegs eðlis. Konum er talið í trú um að þær hafi ákveðna eiginleika, aðra eiginleika en karlmenn hafa og að þeir eiginleikar séu minna virði en þeir eiginleikar sem eignaðir eru körlum (Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, 2002, bls. 17).

Eðlishyggja hefur meðal annars verið notuð í baráttu gegn kosningarétti kvenna og voru rökin þau að konur geta í eðli sínu ekki hugsað rökrétt vegna þess að þær láta aðeins stjórnast af tilfinningum. Eðlishyggju má að einhverju leiti finna í hugmyndafræði Kvennalists á áttunda áratugnum en eins og áður hefur komið fram voru konur höfðu annað siðgæði en karlar (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2000, bls. 1). Umræðan innan fræðanna hefur snúist um hættuna við að sjá aðeins sameiginleg einkenni kvenna sem byggjast á kynferði þeirra, líkt og Kvennalistinn gerði með því að leggja áherslu á að konur væru meðal annars friðsamar og hagsýnar (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994, bls. 30). Þegar talað er um eðli, til dæmis að allar konur séu umhyggjusamar eða friðsamar, hafi æðra siðferði eða séu mæður er hættan að einstaklingar, sem ekki falla undir þessa hugmyndafræði séu útilokaðir (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2000, bls. 2).

Simone de Beauvoir skrifaði í bók sinni *Second Sex* „maður fæðist ekki kona heldur verður kona“ og hafa þessi orð hennar verið meðal grundvallarkennisetninga fræðilega femínismans. Þessi fleyga setning varð til þess að gerður var greinamunur á kyni og kyngervi. (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2003, bls. 20) Seinni tíma fræðikonur fjölluðu um þessa hugsun, um muninn á líffræðilegu kyni (e. sex) og félagslegu kyni eða kyngervi (e. gender) en mikil áhersla var lögð á að aðgreina þetta tvennt. Kyngervið, hið félagslega og menningarlega kyn, er mótað og því breytanlegt (Þorgerður Einarsdóttir, 2004, bls. 223).

Bandaríski heimspekingurinn Judith Butler tekur þessar deilur til skoðunar í bók sinni *Gender Trouble* en þar gagnrýnir hún skilgreiningar á mismun kynjanna innan femínískra fræða. Hún telur að helstu skilgreiningar fræðanna leiði til þess að þeir sem ekki falla innan þeirra séu útilokaðar sem leiði til frekari mismununar. Butler segir að allar konur geti ekki fundið sig innan sömu hugmyndafræðinnar vegna þess að konur eru mismunandi, eru í mismunandi stöðu og hafa ekki allar sömu þarfir og því geti þær ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig eigi að haga réttindabaráttu þeirra (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 78)

Hér hefur verið fjallað um þá hugmyndafræði sem Kvinnalístinn byggði á, sérstakan reynsluheim kvenna og hvernig hugmyndir þeirra Berit Ås, Elin Wägner og Carol Gilligan höfðu áhrif á mótun hugmyndafræðinnar. Hugmyndafræði Kvinnalístans varð til við aðstæður þar sem saga kvenna og reynsluheimur var nær hvergi sýnilegur og til þess að breyta því var nauðsynlegt að beina sjónum að því sem konur áttu sameiginlegt. Málafni kvenna áttu sér engan málsvara og því þurfti að koma þeim að á hinu pólitíska sviði. Þessi áhersla á sameiginlegan reynsluheim kvenna styrkti konurnar og skapaði þeim jákvæða sýn á reynslu og hlutverk kvenna.

## 2 Upphafið

Hér verður fjallað um upphaf Kvannaframboðsins sem bauð fram í sveitarstjórnarkosningum, fyrst í Reykjavík og á Akureyri og síðar um land allt. Farið verður yfir ástæður þess að konur tóku sig saman og buðu fram sértækt kvannaframboð og hvernig sú hugmynd þróaðist yfir í að vera stjórnmalahreyfing sem bauð fram til Alþingis 1983.

Hugmyndin að sérstöku kvannaframboði kviknaði sumarið 1981 og var markmiðið að bjóða fram til borgarstjórnar í Reykjavík og bæjarstjórnar á Akureyri árið á eftir. Þetta sérframboð kvenna var róttæk femínísk aðgerð (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 12). Aðgerð eins og þessi þarf ekki alltaf að vera femínísk en til þess að hún teljist sem slík þarf hún að vera meðvitað og gagnrýnin á valdamisræmi kynjanna og hafa yfirsýn yfir kynjun samfélagsins. Hreyfingin þarf að geta hreyft við samtímanum, verið ögrandi og djörf en ekki samdauna hinu ríkjandi gildismati (Þorgerður Einarsdóttir, 2004, bls. 220).

Kvannaframboðið og síðar Kvinnalístinn var róttæk femínísk aðgerð vegna þess að þær konur sem tóku sig saman og mynduðu Kvannaframboðið og síðar Kvinnalístann voru meðvitaðar um valdamisræmi kynjanna og vildu umbylta ríkjandi valdakerfi og koma á nýjum áherslum sem byggðar voru á reynsluheimi kvenna. Konurnar vildu viðurkenningu samfélagsins á því að konur væru helmingur þjóðfélagsins og ættu að hafa rými í samræmi við það.

Kvannaframboðið var mjög táknrænt fyrir þennan tíma þegar konur voru í uppreisn gegn því kerfi sem setur hið svokallaða glerþak. Hið svokallaða glerþak hindrar konur í að komast þangað sem þær ætla sér. Þessar hindranir eru sýnilegar öllum sem kæra sig um að sjá þær (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 12-13).

Þessar hindranir sem voru áður bæði sýnilegar og formlegar voru ósýnilegar og óformlegar eftir að konur öðluðust formleg réttindi, eins og kosningarétt, kjörgengi, rétt til að mennta sig og fara út á vinnumarkaðinn. Þessar hindranir voru beinar og óbeinar, samofnar sögu og menningu og arfleidd frá ævagamalla hugmyndafræði karlaveldisins (Herngren, Swedenmark, Wennström, 1999, p. 39). Þessar hindranir birtust í því að stofnanir samfélagsins og kerfið var sniðið að karlkyni og kvenlæg gildi hvergi sýnileg (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 12) og þegar konur reyndu að rísa upp ráku þær sig af öllu afli í glerþakið (Herngren, Swedenmark, Wennström 1999, p. 39). Karlaveldið sem ríkti á Íslandi stýrðist að miklu leyti af geðþóttaákvörðunum og kunningjaskap. Konur áttu ekki heima í þeim kunningjahópi (Arnar Gíslason, 2003, bls. 10) og voru enn langt frá því að hafa eitthvað um mikilvæg málefni þjóðarinnar að segja (Helga Sigurjónsdóttir, 1988, bls. 24).

Markmið framboðsins var að auðvelda konum að komast til valda í þjóðfélaginu, veita þeim málsvara meðal ráðamanna þjóðarinnar og koma þannig málefnum þeirra á framfæri (Sólveig Ólafsdóttir, 1988, bls. 4). Konur voru orðnar langþreyttar á aðgerðarleysi stjórnvalda og vissu að ef þær vildu breytingar þá þyrftu þær að koma þeim á sjálfar (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 12). Öllum lofordum um jafnrétti hafði verið sópað undir teppið.

Ef konur vildu koma sínum sjónarmiðum á framfæri var aðeins ein leið fær, koma á sérstöku kvennaframboði (Helga Sigurjónsdóttir, 1988, bls. 17-18). Kvennaframboðskonur töldu að framboðsleiðin væri nauðsynleg aðgerð í baráttunni að kvenfrelsi. Konur áttu erfitt uppdráttar í karlasamfélagi hinna stjórnmalaflokkanna (Sólveig Ólafsdóttir, 1988, bls. 4). Hinir rótgrónu flokkar voru karlastofnanir og þeir sem höfðu völdin þar pössuðu sín sæti áður en þeir færu að hleypa konum að (Helga Sigurjónsdóttir, 1988, bls. 17-18).

Framboðið átti að grundvallast á andstæðunni milli karlamenningar og kvennamenningar (Svava Guðmundsdóttir, 1981, bls. 12). Reynsla karla og kvenna er ekki alltaf sú sama og því er ljóst að á meðan aðeins annað kynið á pólitíska fulltrúa þá verða aðeins teknar ákvarðanir í þágu þeirra sem hafa völdin (Rósa Erlingsdóttir, 2003, bls. 2).

Árið 1980 voru þau réttindi, að komast út á vinnumarkaðinn, sem konur höfðu barist fyrir orðin að skyldu og þær konur sem voru „bara“ húsmæður voru ófullkomnar persónur (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 1994, bls. 106). Konur hlýddu kalli atvinnulífsins og fóru út á vinnumarkaðinn en sú vinna sem þær unnu utan heimilisins var viðbót við þá vinnu sem þær unnu heima hjá sér (Ragnhildur Eggertsdóttir, 1991, bls. 20).

Þrátt fyrir að hlutverk kvenna hefðu breyst þegar þær komust út á vinnumarkaðinn þá voru hinar menningarbundnu hugmyndir um móður- og húsmóðurshlutverk kvenna ennþá þær

sömu. Það frelsi sem konur höfðu öðlast virtist fela í sér fleiri skyldur en réttindi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 1994, bls. 107).

Dagheimili voru fá og voru einstæðar mæður og námsmenn í forgangi fyrir heilsdagsvistun, skólar voru tví- og þrísetnir og var skóladagurinn stuttur og sundurslitinn. Öll félagsleg þjónusta Reykjavíkurborgar miðaðist við að konur væru heimavinnandi (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 25). Stjórnvöld virtust ekki átta sig á þörfinni fyrir aukið framboð daggæslu fyrir börn (Ragnhildur Eggertsdóttir, 1991, bls. 20). Stórsókn kvenna út á vinnumarkaðinn leiddi til þess að verðfall var á vinnu. Tvær fyrirvinnur voru nánast nauðsynlegar og þurftu því margar giftar konur með börn að vinna úti af fjárhagsástæðum (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 1994, bls. 106-107).

Konur voru lítils metnir vinnukraftar og illa launaðar, komnar með nóg af hlaupum á milli staða til að geta sinnt öllum þeim verkefnum sem voru á þeirra herðum. Þær voru reiðar vegna þess hve konur höfðu lítil völd og áhrif í samfélaginu og því vildu konur breyta (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 25).

Tveir atburðir eru taldir hafa haft mikil áhrif á að konur tóku sig saman um að bjóða fram til borgarstjórnar árið 1982. Í fyrsta lagi var það kvennafrídagurinn 24. október 1975 en þá er talið að um 90% íslenskra kvenna hafi lagt niður störf til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 25-26). Kvennafrídagurinn var tákn um samstöðu kvenna (Sigríður Þorsteinsdóttir, 1995, bls. 7). Kvennafrídagurinn hafði í för með sér talsverðar breytingar og augu margra opnuðust fyrir því að atvinnulífinu yrði ekki haldið uppi án kvenna (Herngren, Swedenmark, Wennström 1999, p. 107). Konur vörpuðu af sér hlekkjum fortíðar þennan dag og voru ekki samar síðan (Jón Birgir Pétursson, 1998, bls. 20).

Hinn atburðurinn var kjör Vigdísar Finnbogadóttur til forseta en hún var fyrsta konan í heiminum sem var kjörin forseti í lýðræðislegum kosningum. Vigdís var fyrirmynd fyrir konur og skapaði þeim sýnileika (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 25-26). Vigdís fór með kjöri sínu beinustu leið í gegnum glerþakið (Herngren, Swedenmark, Wennström 1999, p. 108).

Konur voru tilbúnar í að láta til sín taka í þjóðfélaginu og þá var ekkert eftir nema hefjast handa. Konurnar voru sammála um að framboðið yrði ekki eins og hefðbundið stjórn málaframboð heldur byggt upp á grasrótarskipulagi. Kvenframboðið var grasrótahreyfing sem byggist á valddreifingu en konurnar töldu að slíkt skipulag myndi henta þeim betur en hefðbundið skipulag stjórn málaflokka (Bergljót Baldursdóttir, 1988, bls. 13).

Eftir að hugmyndafræðilegur grundvöllur Kvennaframboðsins hafði verið mótaður, stefnuskrá og lög framboðsins höfðu verið samþykkt (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 56-60) og



konurnar höfðu tekist á við viðbrögð almennings, fjölmiðla og hinna stjórnmalaflokkanna var lagt af stað í kosningabaráttuna (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 80-94). Konurnar lögðu áherslu á að kosningabaráttan yrði skemmtileg og frábrugðin kosningabaráttu hinna flokkanna án þess þó að missa sjónar á markmiðunum (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 105).

Sérframboð kvenna vakti nokkurn ugg í herbúðum karla og þóttu konurnar skrítnar og jafnvel hneykslanlegar í framkomu en þær létu slíkt tal ekki stoppa sig (Jón Birgir Pétursson, 1998, bls. 20). Kvennaframboðskonur töldu sig hafa annað fram að færa en karlar og nú væri rétti tíminn runninn upp (Dahlerup, 1988, bls. 109).

Kosningadagur rann upp og þegar niðurstaða kosninganna var ljós var kátt í höllinni hjá kvennaframboðskonum (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 108). Kvennaframboðið fékk 10,9% atkvæða í Reykjavík og tvo fulltrúa af 21 og á Akureyri fékk framboðið 17,3% atkvæða og tvo fulltrúa af 11 (Dahlerup, D, 1988, bls. 108).

Eftir ágætt gengi í sveitarstjórnarkosningunum vaknaði sú hugmynd að bjóða fram í alþingiskosningunum 1983. Mjög skiptar skoðanir voru meðal kvennanna og fannst mörgum það óþarfa áhætta enda lítil reynsla komin af borgarmálum á meðan öðrum fannst það nauðsynlegt að koma kvennasjónarmiðum að á Alþingi (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 129).

Nokkuð ljóst var að fátt myndi breytast ef konur tækju ekki sjálfar til sinna ráða. Ráðist var í kosningaundirbúning í herbúðum kvenna og þrátt fyrir að ekki hafi allir verið jafn spenntir fyrir framboðinu og konurnar sjálfar létu þær til skara skríða og uppskáru árangur erfiðis síns. Upphafið, sérframboð kvenna í sveitarstjórnarkosningum leiddi svo til þess að Kvinnalistinn varð til.

### **3 Kvinnalistinn verður til**

Hér verður fjallað um upphaf Kvinnalistans og ástæður þess að hópur kvenna sem hafði tekið þátt í myndun Kvennaframboðsins tók sig saman og bauð fram til Alþingis 1983. Sú ákvörðun var konunum erfið en þær töldu að þessi leið væri nauðsynleg til að raddir kvenna fengju að heyrast sem víðast.

Konur á Íslandi höfðu haft kosningarétt og kjörgengi síðan 1915 en frá 1922 þegar fyrsta konan var kjörin á þing og fram til ársins 1983 höfðu aðeins 12 konur setið á þingi og aðeins ein kona verið ráðherra (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 129-130). Í þessi 68 ár eftir að konur fengu kosningarétt og kjörgengi voru mest samtímis þrjár konur á Alþingi oft færri og stundum engin (Þorgerður Einarsdóttir, 2009, bls. 12). Staða kvenna var ennþá verri í

stjórnnum, nefndum og ráðum ríkisins en þar voru þær 3% árið 1970 og 9% árið 1983 (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 129-130). Hinir rótgrónu flokkar voru karlastofnanir og þeir sem höfðu þar völdin pössuðu sín sæti og voru ekki á því að hleypa konum að (Helga Sigurjónsdóttir, 1988, bls. 17-18) og því vildu kvennaframboðskonur breyta með framboði sínu til Alþingis (Auður Styrkársoóttir, 1995, bls. 35).

Aðdragandinn að framboði Kvvennalistans til Alþingis var um margt erfiður fyrir þann hóp kvvenna sem hafði fram að því starfað að Kvvennaframboðinu og sátu í borgarstjórn. Ýmis rök voru færð bæði með og á móti því að Kvvennaframboðið biði líka fram til Alþingis (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 129). Kvvennaframboðinu var alltaf ætlað að vera bara tímabundið framboð en hluti kvvennanna var á því að besta leiðin í gegnum kerfið væri á Alþingi því þar gætu þær lagt fram frumvörp og þingsályktunartillögur sem tengdust hagsmunum kvvenna. Þær sem voru meðfylgjandi framboðinu töldu að þarna væri gott tækifæri til að koma kvvennapólitíkinni að. Mun meira var fjallað um málefni Alþingis en borgarmálin í fjölmiðlum og því fengu kvvennamálin meira rými ef Kvvennaframboðið tæki sig saman og biði fram til Alþingis (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 132-133).

Fjórir flokkar höfðu sett hvað mestan svip á stjórnmalalífið á Íslandi þegar Kvvennalistinn varð til; Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 13). Fylgi flokkanna hafði tekið að sveiflast mun meira en áður á áttunda áratugnum og tengsl kjósenda og flokka voru farin að veikjast (Dahlerup, 1988, bls. 110). Hið stöðuga flokkakerfi sem hafði einkennt íslensk stjórnmal framan af var farið að riðlast til og átti eftir að breytast enn frekar eftir kosningarnar 1983 (Einar Mar Þórðarson, 2006, bls. 408). Kvvennaframboðskonur sem voru meðfylgjandi framboði höfðu trú á því að núna væri rétti tíminn fyrir kvvennaframboð á Alþingi (Auður Styrkársoóttir, 1995, bls. 35).

Hópurinn var tvískiptur í skoðun sinni og var fyrsta tillaga um framboð til Alþingis felld með 26 atkvæðum á móti 24 en þrátt fyrir það voru þær konur sem voru meðfylgjandi framboðinu ekki tilbúnar til að gefast upp (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 132-137).

Eftir miklar umræður var lokaniðurstaðan tillaga um að Samtök um Kvvennaframboð myndi ekki standa fyrir framboði til Alþingis en samtökin myndu þrátt fyrir það, ekki hafna þingframboði sem slíku. Með þessari tillögu var lagt fram að þær konur sem vildu bjóða sig fram til Alþingis fengu til þess stuðning fundarins og þar með lauk langri og erfiðri umræðu um alþingisframboð og þær konur sem vildu bjóða sig fram fengu til þess stuðning þeirra sem voru á móti framboðinu (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 138).

Umræðan um framboð Kvinnalistsans til Alþingis tók um fimm mánuði og sýnir á margan hátt hvernig grasrótarskipulag virkar. Konurnar eyddu miklum tíma í að ræða þetta framboð og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þær voru allar meðvitaðar um að öll þeirra vinna gæti farið út um þúfur ef ekki væri rétt staðið að málunum. (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 138-140)

Hér hefur verið fjallað um aðdragandann að framboði Kvinnalistsans til Alþingis. Þrátt fyrir að ekki væru allar konurnar sammála um að rétt væri að bjóða fram lista til Alþingis þá leiddi umræðan til þess að komist var að niðurstöðu sem allar konurnar gátu sætt sig við.

## 4 Stefnumál kvinnalistsans

Hér verður fjallað um stefnumál Kvinnalistsans, hvernig kvinnalistaskonur börðust fyrir breyttri umræðuhefð og breytingu á inntaki íslenskra stjórn mála. Einnig verður farið yfir hverju Kvinnalistsinn kom til leiðar með þingsetu sinni á Alþingi.

Þegar átta vikur voru í kosningar átti eftir að móta stefnuskrá, raða á lista, afla fjár og skipuleggja kosningabaráttu. Á annað hundrað konur komu að því að móta stefnu fyrir alþingiskosningarnar og var komið á hópum til að móta stefnu í kvennapólitík, umhverfismálum, skóla- og fræðslumálum, atvinnu- og launamálum kvenna, heilbrigðismálum, efnahagsmálum, friðar- og utanríkismálum, menningarmálum, miðstýringu og valddreifingu (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 143). Allt voru þetta málefni sem miðuðu að því að bæta stöðu kvenna og barna (Kvinnalistsinn, 1991, bls. 27).

Á stefnuskrá Kvinnalistsans var meðal annars lagt til að fullorðinsfræðsla yrði eflid og að Alþingi beitti sér fyrir endurmati á störfum kvenna. Margar konur voru heimavinnandi og var lagt fram að húsmæðurstörf yrðu metin til starfsreynslu á vinnumarkaði og að lífeyris- og tryggingamál heimavinnandi kvenna yrðu endurskoðuð (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 143). Lagt var til að tryggja nægt framboð af leikskólum og að grunnskólar yrðu einsetnir og skóladagurinn yrðu lengri og samfelldur (Kvinnalistsinn, 1991, bls. 27). Einnig var lagt til að Kvinnalistsinn myndi beita sér fyrir því að allar konur fengju 6 mánaða fæðingarorlof, óháð stétt eða stöðu (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 143).

Umhverfismál voru líka ofarlega í huga kvinnalistaskvenna en Kvinnalistsinn var umhverfishreyfing (Kvinnalistsinn, bls. 27). Kvinnalistaskonur vildu endurskilgreina hugtökin hagkvæmni og arðsemi. Þær vildu að tekin yrði upp ný stefna mannúðlegrar hagsýni þar sem mannlegt verðmætamat og samábyrgð yrði höfð að leiðarljósi og tekið yrði mið af

raunverulegri stöðu þjóðarbúsins en neyslusjónarmið, bráðabirgðaráðstöfun og lífsgæðakapphlaupi yrði hafnað. Markmið þeirra var að endurskapa orðræðuna, þjóðfélagið átti að reka eins og „hin hagsýna húsmóðir“ myndi gera (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 144).

Erfitt reyndist að fá konur í efstu sæti framboðslistans en það hófst þó að lokum. Á framboðslistanum átti að koma fram nafn, atvinna og/eða menntun, hjúskaparstaða og að lokum fjöldi barna. Ástæðan fyrir því að fjöldi barna var tiltekinn var sú að konurnar vildu undirstrika hina tvöföldu ábyrgð kvenna og eins vildu þær sýna að þarna að þær væru allar venjukegar konur. Hin hefðbundna kvennalistakona var vel menntuð, útivinnandi, gift og átti börn (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 149-151).

Í upphafi framboðsins til Alþingis tóku fæstir stjórnámálamenn framboðið alvarlega en þegar ljóst var að konum væri full alvara spurðu fulltrúar hinna flokkanna hvers vegna konurnar gengju ekki í þeirra flokk, þeir væru með öll hagsmunamál Kvennalistans á sinni stefnuskrá. Kvennalistakonur létu þetta sem vind um eyru þjóta enda þeirra framboð allt annars eðlis en hinna hefðbundnu stjórnámálaflokka (Herngren, Swedenmark, Wennström, 1999, pp. 110-111).

Niðurstaða kosninganna var ákveðinn sigur fyrir Kvennalistakonur. Þær hlutu 5,5% atkvæða á landsvísu og fengu þrjár þingkonur inn á þing (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 156). Hinir flokkarnir mættu þessari nýtilkomnu samkeppni með því að setja konur í góð sæti á sínum listum (Jón Birgir Pétursson, 1998, bls. 20). Þar með fóru konur úr þremur í níu á Alþingi og þar af voru fimm konur frá nýjum stjórnamálaöflum (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 156).

Viðbrögðin við niðurstöðum kosninganna voru misjöfn, sumir fögnuðu en aðrir voru ekki eins sannfærðir. Sumir töldu að sértækt kvennaframboð á Alþingi ætti enga framtíð fyrir sér og fengi lítinn hljómgrunn til lengri tíma litið (Helga Sigurjónsdóttir, 1988, bls. 5).

Kvennalistinn reyndi að breyta áherslunum í íslenskri pólitík með því að koma kvenpólitískri sýn á málefnið að. Kvennalistinn vakti athygli á málaflökkum sem enginn hafði kært sig um að fjalla um áður, því þau þóttu ekki hæfa í opinberri stjórnamálaumræðu (María Jóhanna Lárusdóttir, 1995, bls. B5). Þetta voru mál eins og kynferðislegt ofbeldi, nauðganir og annað ofbeldi gegn konum og börnum (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 172). Þetta voru þau málefni sem áður höfðu fram að þessu aðeins verið persónuleg vandamál kvenna en ekki eitthvað sem samfélagið átti að sameinast um að taka á. Kvennalistakonur vildu koma þessum málefnum á dagskrá stjórnmalanna vegna þess að þær töldu að þau vörðuðu samfélagið allt.

Fyrsta þingmál Kvinnalistsans sem fékkst samþykkt, vorið 1984, var þingsályktunartillaga um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála. Á meðan undirbúningi tillögunar stóð kom í ljós að engin þingskjöl fundust um þetta málefni (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 176) sem var í takt við hina sögulegu þöggun á málefnum kvenna.

Eins og þingsályktunartillagan lagði til var skipuð fimm manna nefnd til að kanna hvernig rannsókn og meðferð nauðgunarmála væri háttáð og hvernig mætti gera betur. Niðurstaða nefndarinnar var að koma á fót neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis og var Guðrúnu Agnarsdóttur, þingkonu Kvinnalistsans falið það verkefni að undirbúa og skipuleggja opnun Neyðarmóttöku á Slysadeild Borgarspítala sem var síðan opnuð 1993 (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 176-177).

Kvinnalistsinn tók á fleiri málum, eins og ranglátu dómskerfi sem dæmdi stúlkum lægri miskabætur en drengjum (María Jóhanna Lárusdóttir, 1995, bls. B5) og þær komu af stað umræðu um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex sem ríkisstjórnin tók síðan upp eftir þeim og færði í lög (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 174-175). Rætt hafði verið um lengingu fæðingarorlofs í áráraðir en ekkert gerðist fyrr en Kvinnalistsinn þrýsti á að eitthvað yrði að gert (Anna Ólafsdóttir Björnsson, 1995, bls. 12). Þær komu umræðunni í utanríkismálum upp úr vinstri, hægri hjólförunum um veru bandaríska hersins og tengdu hana umhverfis- og friðarmálum (María Jóhanna Lárusdóttir, 1995, bls. B5). Umhverfismál voru Kvinnalistanum hugleikinn og lýstu þær sig andvígar allri stóriðju (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 181). Kvinnalistsinn var umhverfishreyfing og vildi að Ísland tæki þátt í verndun jarðarinnar og lífríkis með endurskoðun á ríkjandi mati á lífsgæðum, sem byggði á „hagvaxtardýrkun“, sem réði ríkjum með endalausri eyðslu og rányrkju (Kvinnalistsinn, 1991, bls. 27).

Kvinnalistsakonur lögðu einnig fram frumvarp til laga um átak í dagvistunarmálum en staðan var mjög slæm í þeim málaflokki. Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem það dagaði svo uppi (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 177-178). Kvinnalistsakonur lögðu að auki fram tvö mál á þingi sem ætlað var að efla lýðræði í landinu þannig að kjósendur hefðu eitthvað um sín málefni að segja og gætu þannig haft áhrif á sitt daglega líf og umhverfi (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 180).

Ein af fáum þingsályktunartillögum Kvinnalistsans sem var samþykkt, fjallaði um að starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf yrði metin á sama hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum. Kvinnalistsakonur vildu að heimavinnandi húsmæður fengju lágmarks viðurkenningu

fyrir sitt framlag þegar þær færu út á vinnumarkaðinn. Með þessari þingsályktunartillögu tókst það tilætlunarverk þeirra (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 181-182).

Þrátt fyrir að fá þingmál Kvinnalistsans hafi verið samþykkt segir það ekki alla söguna. Áherslumál Kvinnalistsans vöktu athygli samfélagsins og komu af stað umræðu í þjóðfélaginu og sum þeirra fengust samþykkt síðar. (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 185)

Þessi yfirferð er aðeins lítið brot af þeirri vinnu sem Kvinnalistasakonur lögðu fram á meðan þær sátu á þingi. Kvinnalistasakonur lögðu fram fjölda frumvarpa og þingsályktunartillagna sem vöktu upp umræðu í samfélaginu og hreyfðu við almenningi þó svo að hugmyndir þeirra hafi ekki alltaf verið vinsælar á hinu háa Alþingi. Kvinnalistasakonur komu að málefnum sem áður höfðu verið þögguguð um aldir. Þetta voru málefni á borð við kynbundið ofbeldi sem kvinnalistasakonur komu að í þjóðfélagsumræðunni og færðu þannig málefni sem áður höfðu verið einkamál kvenna yfir í að vera pólitísk málefni.

## 5 Þróun Kvinnalistsans

Hér verður fjallað um þróun Kvinnalistsans yfir í að vera stjórn málaafli sem tók þátt í ríkisstjórnarmyndunarviðræðum og hvernig þær viðræður þróuðust.

Fylgi fjórflokkanna hafði aldrei verið minna en árið 1987 þegar Kvinnalistsinn bauð fram til Alþingis í annað sinn. Fjórflokkarnir höfðu notið stuðnings um 90% kjósenda á sjöunda og áttunda áratugnum en það fylgi fór niður í tæplega 75% 1987. Kvinnalistsinn tvöfaldaði fylgi sitt í kosningunum og fékk sex konur inn á þing. Alls voru nú þrettán konur á Alþingi og höfðu aldrei verið fleiri (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 193-196).

Kvinnalistasakonur sáu það sem raunhæfan valkost að taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi og hófu undirbúning að viðræðum strax að kosningunum loknum (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 196-197). Kvinnalistasakonur höfðu alla tíð lagt mikla áherslu á að jafna launakjör kynjanna og vildu þær alls ekki falla frá þeirri kröfu þegar kom að því að taka þátt í stjórnarmyndunarviðræðum. Kvinnalistasakonur lögðu mikið upp úr siðferðilegum gildum eins og heiðarleika og vildu standa við þau loforð sem þær höfðu gefið kjósendum sínum. Þegar ljóst var að lítil vilji var til að mæta kröfum kvinnalistasakvenna slóu þær af kröfunum eins og hægt var að þeirra mati en það dugði ekki til og upp úr viðræðunum slitnaði (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 199-200).

Þessi tími var mikil prófraun fyrir Kvinnalistsann, stefnu hans og vinnubrögð. Daglega söfnuðust konur saman í Víkinni um fimm leytið til að segja fréttir af viðræðunum og hver

næstu skref væru. Tugir kvenna mættu á fundina sem voru opnir öllum kvennalistakonum en þrátt fyrir að fundirnir væru jafn fjölmennir og raun bar vitni spurðist ekkert út um hvað væri verið að ræða (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 197).

Í fjölmiðlum var talað um að Kvennalistinn hefði komið út úr kosningunum 1987 sem annar hinna stóru sigurvegara og því eðlilegt að listinn axlaði sína ábyrgð og tæki þátt í myndun nýrrar ríkisstjórnar (Össur Skarphéðinsson, 1987, bls. 5). Fjölmiðlar fullyrtu að Kvennalistinn hefði afskrifað sig sem alvöru stjórn málaafli og að þær væru hræddar við að taka þátt í alvöru pólitík (Ingólfur Margeirsson, 1988, bls. 5). Árið 1988 bauðst Kvennalistakonum aftur að taka þátt í stjórnarmyndunarviðræðum. Aftur voru Kvennalistakonur sakaðar um kjarkleysi en þegar þær mættu að samningaborðinu var þakkinntilbúinn ásamt óljósum loforðum um að þingkonur Kvennalistans fengju að sinna sínum hugðarefnum seinna en kvennalistakonur höfðu heyrt þetta allt áður og afþökkuðu þátttöku (Þórhildur Þorleifsdóttir, 1990, bls. 14).

Kvennalistakonur voru því ekki sammála að þær hefðu sýnt kjarkleysi en viðurkenndu að þær hefðu ekki verið nógu vel undirbúnar og ekki náð að koma því til skila á hvaða forsendum þær vildu ekki taka þátt í ríkisstjórn (Við féllum á fjölmiðlaprófinu, 1990, bls. 4). Kvennalistakonur tókst ekki að ná fram viðeigandi breytingum á málefna­samningi verðandi ríkisstjórnar í stjórnarmyndunarviðræðunum og því var ekkert sem benti til þess að þær gætu haft einhver áhrif innan hennar (Þórhildur Þorleifsdóttir, 1990, bls. 14).

Kvennalistakonur voru trúar sinni sannfæringu þegar kom að ríkisstjórnarmyndun. Þær voru farnar að átta sig á því að til að ná fram breytingum þyrftu þær völd en á meðan þeirra málefni áttu ekki heima á dagskrá stjórnarflokkanna töldu það betra fyrir hreyfinguna að vera áfram í stjórnarandstöðu þar til annað tækifæri gæfist.

## **6 Grasrótahreyfing og kerfisbundin útskipti**

Kvennalistakonur lögðu mikla áherslu á að Kvennalistinn væri grasrótahreyfing en ekki hefðbundinn stjórn­má­laflokkur. Hér verður fjallað um hvað grasrótahreyfing er og á hvaða hátt slíkt skipulag er ólíkt skipulagi hefðbundinna stjórn­má­laflokka.

Kvennalistinn hafði sérstöðu meðal hinna stjórn­má­laflokka, bæði vegna þess að hann var einungis skipaður konum og vegna þess að skipulagið var annars eðlis en í hefðbundnum stjórn­má­laflokki. Kvennalistinn átti ekki að vera vettvangur fyrir atvinnupólitík heldur

samstarfsvettvangur kvenna sem vildu koma kvennapólitískri sýn á málefni samfélagsins (Sólveig Ólafsdóttir, 1988, bls. 4).

Hefðbundinn stjórnmálaflokkur er byggður upp samkvæmt pýramídakerfi. Slíkt kerfið kallar á að einn eða fáir einstaklingar fari með valdið og ráði mestu hvað varðar stefnumál og þær ákvarðanir sem teknar eru í nafni flokksins. Skipulagið leiðir til þess að þeir einstaklingar sem eru neðarlega í pýramídanum eru ekki virkir og heildin verður því ekki eins frjó og virk og hún gæti verið (Bergljót Baldursdóttir, 1988, bls. 13-14).

Kvennalistinn var grasrótahreyfing þar sem skipulagi, starfsreglum og lögum var ætlað að tryggja valddreifingu, dreifa ábyrgðinni og skapa umræðuvettvang. Kvennalistinn var hreyfing þar sem valdinu var dreift eins og hægt var (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 162). Grasrótarskipulagið kom í framhaldi af jafnréttishugsjóninni. Engin ein kona gat breytt þjóðfélaginu og því var þörf fyrir samvinnu fjöldans (Bergljót Baldursdóttir, 1988, bls. 14). Frumkvæði hverrar konu nýttist þannig sem best svo að hreyfingin yrði ekki einokud eða mótuð af fáeinum konum heldur fjöldanum (María Jóhanna Lárusdóttir, 1986, bls. 51). Engin kona var formaður nema þingflokksformaður sem var krafa frá Alþingi og skiptust konurnar á að gegna því embætti í eitt ár í senn (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 162). Með því að hafa engan sérstakan formann eða leiðtoga gátu allar konurnar í Kvennalistanum haft áhrif á stefnu og málefni hans (Bergljót Baldursdóttir, 1988, bls. 13).

Hið hefðbundna, ríkjandi skipulag var hluti af því skipulagi sem varnaði konum að rísa upp og breyta stöðu sinni og áhrifum í þjóðfélaginu (Bergljót Baldursdóttir, 1988, bls. 14). Kvenfrelsi fól í sér að breyta afstöðunni til valdsins í hugum kvennalistakvenna. Þær töldu að menn ættu ekki að nýta sér völd til að drottna yfir öðrum heldur deila því með sem flestum (María Jóhanna Lárusdóttir, 1995, bls. B5). Kvennalistakonur vildu breyta þjóðfélaginu og töldu að til þess að ná því markmiði væri þörf fyrir fjöldann, mikil samskipti og góðar hugmyndir (Bergljót Baldursdóttir, 1988, bls. 14).

Kvennalistakonur voru tvístígandi gagnvart valdinu, þær óttuðust það og vildu ekki vera tengdar því, enda tengdist vald karlavelðinu og uppbyggingu þess kerfis sem þær vildu breyta. Þær voru mjög uppteknar af því að engin þeirra tæki á sig lit af valdinu (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2002).

Til að tryggja valddreifingu og að enginn yrði samdauna kerfinu tók Kvennalistinn upp útskiptakerfi (Sólveig Ólafsdóttir, 1988, bls. 4). Konurnar sátu til að byrja með í fjögur til sex ár á Alþingi og í nefndum frá sex mánuðum upp í tvö ár (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls.



162). Útskiptareglan var hluti af eðli Kvinnalistans og þeirri hugmyndafræði sem listinn byggði á (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 1988, bls. 4).

Með reglulegum útskiptum var auðveldara að koma sem flestum konum „að hljóðnemanum“, dreifa ábyrgðinni, sýna breidd og samstöðu, þjálfa sem flestar konur í stjórnmalastörfum og auka lýðræðið í landinu (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 166-167). Útskiptakerfið stuðlaði einnig að stöðugri endurskoðun Kvinnalistans, viðhélta ferskleika fulltrúa hans og auðveldaði konunum að sinna eigin hugðarefnum (Sólveig Ólafsdóttir, 1988, bls. 4).

Flestar kvennanna voru í upphafi á því að útskiptareglan væri góð en fljótlega kom í ljós að sumar af þeim konum sem sátu í nefndum og ráðum töldu sinn tíma ekki vera kominn þegar kom að útskiptum. Þær vildu fá að fylgja sínum málum eftir og sumar töldu að viðkomandi nefnd þyrfti „faglega manneskju“ því þar væri vandasamt starf fyrir höndum (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 170). Útskiptin urðu til þess að kvinnalistakonur urðu hver fyrir sig talsvert veikari þó svo að hreyfingin sem heild hafi verið sterkur málsvari (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2002, bls. 40). Kjósendur voru heldur ekki sáttir við þessi útskipti því þegar þeir voru farnir að þekkja og kunna meta ákveðna fulltrúa þá var þeim skipt út (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 168).

Kvinnalistakonur fóru í gegnum þessa umræðu aftur og aftur og reyndist umræðan þeim erfið. Óttinn við völd var farinn að veikja stöðu kvennanna. Þegar komið var inn í hið pólitíska stjórnkerfi, sem mótað var af körlum, þá voru völd nauðsynleg til að koma málstaðnum í framkvæmd. Þær vildu ekki vald bara valdsins vegna heldur til að koma málefnum kvenna á framfæri, vald í þágu kvenna (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2002, bls. 40).

Fyrsta skrefið í að setja þessar andstæður, hina kvennapólitísku sýn Kvinnalistans og hið pólitíska stjórnkerfi, var að hætta útskiptum á miðju kjörtímabili og að lokum var tekin í gildi samþykkt landsfundar um að fulltrúar Kvinnalistans mættu ekki eiga sæti lengur en í eitt til tvö kjörtímabil í senn (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 169-170).

Það umhverfi sem Kvinnalistinn var sprottinn upp úr var lítið til þess fallið að viðhalda því skipulagi sem kvinnalistakonur lögðu upp með. Hið ríkjandi pólitíska landslag var óhentugt, kvinnalistakonur þurftu að starfa innan þess kerfis og uppfylla þær kröfur þær kröfur sem kerfið gerir um sérþekkingu. Valdið flæktist fyrir konunum og eins reyndist þeim erfitt að deila allri ákvarðanatöku með heildinni þegar á reyndi. Kerfisbundin útskipti voru afar óhentug og eins voru kjósendur óvanir slíku fyrirkomulagi.

## 7 Gagnrýni á hugmyndafræði Kvinnalíftans

Hér verður fjallað um þá gagnrýni sem beindist að Kvinnalíftanum, hvernig hugmyndafræði þeirra hefði þróast frá því að eiga ná til allra kvenna yfir í einsleita hugmyndafræði sem aðeins þær konur sem höfðu gengið með og fætt barn gætu fundið sig í.

Kvinnamenningin byggði á sameiginlegri reynslu allra kvenna en með tímanum voru kvinnalíftakonur gagnrýndar fyrir að leggja helst áherslu á reynslu kvenna af barnburði og á hefðbundin móður- og húsmóðurhlutverk (Guðrún Vilmundardóttir, 1995, bls. 5). Konur höfðu tvöfalt hlutverk, þær sinntu móður- og húsmóðurhlutverkinu og voru virkir þjóðfélagsþegnar utan heimilisins. Sumir töldu að mæðrahyggjan lýsti uppgjöf gagnvart baráttu kvinnalíftakvenna gegn því að konur bæru einar ábyrgð á fjölskyldu og heimili samhliða því að starfa utan heimilisins (Svava Guðmundsdóttir, 1981, bls. 12). Þá væri hætta á að hugmyndafræðin um sérstakan reynsluheim kvenna yrði konum fjötur um fót, til dæmis ef konur færu út af vinnumarkaðnum og aftur inn á heimilið að sinna því hlutverki sem var lofsamað svo í nafni kvinnamenningar (Nýfrjálshyggjan einkar kvenfjandsamleg, 1985, bls. 6). Aðrir töluðu um að þessi áhersla á móðurhlutverkið leiddi til þess að barnlausar konur fyndu sig ekki innan hreyfingarinnar (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1995, bls. 1). Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fyrrum þingkona Kvinnalíftans og Inga Dóra Björnsdóttir gagnrýndu Kvinnalíftann fyrir mæðrahyggju í maí hefti tímaritsins *The European Journal of Women's Studies* árið 1995 (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 221-222). Þær töldu að hugmyndafræði Kvinnalíftans sem byggði að miklu leyti á móðurhlutverkinu hefði borið hugmyndina um kvenfrelsi ofurliði og alið á eðlishyggju. Samkvæmt hugmyndafræði Kvinnalíftans var leiðin til kvenfrelsis að leggja áherslu á kvenlegt og móðurlegt eðli sem er innbyggt í kvinnamenninguna (Guðrún Vilmundardóttir, 1995, bls. 5). Þær töldu að þar sem karlar sáu konur fyrst og fremst sem mæður og húsmæður þá hafi áherslan á þetta hlutverk kvenna verið konum hættuleg (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 221-222). Sigríður Dúna og Inga Dóra vildu einnig meina að þeim konum sem ekki uppfylltu öll skilyrði Kvinnalíftans hefði verið refsað og jafnvel reknar úr hreyfingunni (Guðrún Vilmundardóttir, 1995, bls. 5).

Kvinnalíftakonur vísuðu þessum ásökunum á bug og sögðu að Kvinnalíftinn hefði aldrei skilgreint sig sem mæðrahyggjuhreyfingu og að hugtakið hefði hvorki komið fram í stefnuskrám né hugmyndafræðinni (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 221-222). Kvinnalíftakonur sögðu að sú kvinnamenning sem þær töluðu fyrir væri mótuð af aðstæðum, menningu og verkaskiptingu en kæmi eðli ekkert við (Guðrún Vilmundardóttir, 1995, bls. 5). Kjarni

Kvennalistans frá stofnun var útvinnadi mæður sem setti mark sitt á hreyfinguna upp að vissu marki og töldu kvennalistakonur að það hefði mögulega litað stefnuskrá og baráttumál Kvennalistans að einhverju leyti en ekki þannig að Kvennalistinn væri einhvers konar móðurelskandi hreyfing og ef það hefði verið þá væri það liðin tíð. Auður Styrkárssdóttir benti síðar á að ef einhver hefði verið talsmaður mæðrahyggjunnar þá hefði það verið Sigríður Dúna sjálf (Guðrún Vilmundardóttir, 1995, bls. 5).

Guðný Guðbjörnsdóttir svaraði þessari gagnrýni í Morgunblaðinu í ágúst 1995 (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1995, bls 6) og benti á að í greinni hafi verið beitt eigindlegri rannsóknaraðferð og alhæft út frá mjög fáum dæmum. Í slíkum rannsóknum er mikilvægt að rannsakandinn staðsetji sjálfan sig en í greininni er Sigríður Dúna að fjalla um sjálfa sig og sína upplifun. Guðný bendir á að kvennameningin hafi upphaflega verið skilgreind út frá alhliða reynslu kvenna en að sú fullyrðing að kvennameningin hafi upphaflega verið skilgreind út frá þeirri reynslu að vera móðir sé ekki nægilega vel rökstutt í greininni. Guðný bendir á að einstaka konur innan Kvennalistans hafi fylgt sjónarmiðum mæðrahyggju og að stefnuskrá Kvennalistans 1987 hafi að einhverju leyti verið mörkuð af mæðrahyggju en að Sigríður Dúna hafi sjálf komið að þeirri hugmyndavinnu sem lá þar að baki (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1995, bls. 5).

Margar ungar konur gengu til liðs við Kvennalistann á árunum 1991-1992. Þessar ungu konur höfðu allar verið virkar í stúdentapólitík og voru ákveðnar í að láta að sér kveða í Kvennalistanum. Hugmyndafræði póstmóðernisma, krafan um viðurkenningu margbreytileika kvenna (Þorgerður Einarsdóttir, 2004, bls. 212), var ráðandi meðal þeirra og það sama gildi um nokkrar aðrar konur sem höfðu starfað lengi innan Kvennalistans. Upp kom hugmyndafræðilegur ágreiningur sem veikti stöðu Kvennalistans (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 224-225).

Fram að þessum tíma hafði athygli kvennalistakvenna fyrst og fremst beinst að því sem sameinaði konur en þegar bera fór á póstmóðernískum áhrifum og kröfu um margbreytileika orsakaði það innri átök. Nú var farið að beina sjónum að því hvað það er sem aðgreinir konur og vildu konur ekki vera flokkaðar saman á grundvelli kynferðis eða því að eiga sameiginlegan reynsluheim. Konurnar töldu að ef athyglinni væri aðeins beint að því sem sameinar konur en ekki því sem aðgreinir þær væri verið að viðhalda staðalímyndum og ýta undir eðlishyggju (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 223-224).

Á þessum tíma fóru konur að sýna andóf gegn því að vera flokkaðar saman á grundvelli kynferðis eða sameiginlegrar reynslu. Þær töldu að slík flokkun hygldi ákveðnum

hópum en útilokaði aðra og viðhéldi þeim staðalímyndum sem konur höfðu lengi barist gegn. Þessum breytingum fylgdi áhersla á margbreytileika kvenna (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994, bls. 29-30). Konur voru ólíkir einstaklingar sem móttast af erfðum, uppeldi, reynslu og eigin vilja, kynferði þeirra tryggir ekki eitt og sér ákveðin gildi eða eiginleika (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1996, bls. 12).

Margar tilraunir hafa verið gerðar til að skilgreina mismun kynjanna sem hefur leitt til deilna á meðal femínista. (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 78). Deilurnar hafa snúist um hvort það sé eðlismunur á kynjunum og hvort konur geti barist fyrir sameiginlegum réttindum á grundvelli kyns (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2000, bls. 2). Undirokun kvenna birtist á mismunandi hátt, allt eftir menningu, kynþætti, starfi, búsetu, kynhneigð eða hjúskaparstöðu. Þessi þróun varð til þess að kvennahreyfingar tóku að gliðna og fundu sér nýjan farveg. (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994). Í stað þess að vinna saman sem hópur á þeim forsendum að vera konur mynduðust mismunandi hópar sem börðust fyrir jafnrétti á sínum forsendum (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994, bls. 29-30).

Hugmyndafræðin um hinn sameiginlega reynsluheim kvenna fór að vera dragbítur á Kvinnalistanum. Áherslan á þetta umönnunar og móðurhlutverk setti konur á ákveðinn bás og útilokaði aðrar (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 221-222). Kynbundin reynsla kvenna og hugmyndin um hina umhyggjusömu elskandi móður var ekki jafn fastmótuð og í upphafi var talið. Kynhlutverk kvenna voru breytileg eftir stað, stétt, menntun og menningu. Þessi munur orsakaði oft átök á milli kvenna af ólíkum uppruna (Inga Dóra Björnsdóttir, 1997, bls. 266-267). Kvinnalistakonur endurskoðuðu hugmyndafræðina á þeim forsendum að mæðrahyggja gæti verið kúgandi fyrir konur þó svo að þær hafi ekki sagt skilið við hugmyndafræðina að fullu (Anna Sveinbjarnardóttir, 1993, bls. B7).

Ekki voru þó allar konurnar sammála um hugmyndafræði póstmóðernísks femínisma. Þegar áherslan fór að færast yfir á margbreytileikann var ekki jafn mikil áhersla lögð á systrasamstöðu sem skapaði togstreitu. Hópurinn skiptist í grófum dráttum í tvennt, þær sem vildu leggja meiri áherslu á margbreytileikann í stað þess að leggja áherslu á hinn sameiginlega reynsluheim og svo þær sem töldu að póstmóðernisminn hefði sundrandi áhrif. Þær sem töldu að póstmóðernisminn hefði sundrandi áhrif töldu þó að margbreytileika kvenna hefði aldrei verið hafnað af Kvinnalistanum heldur aðeins lögð áhersla á það sem sameinaði konur (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 224). Samhliða þessu fór að bera á þeim skoðunum að ekki væri hægt að há þessa baráttu án þátttöku karla (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 219).

Til að takast á við þennan hugmyndafræðilega ágreining var stefnuskrá Kvinnalists endurskoðuð fyrir alþingiskosningarnar 1991 og var lögð áhersla á margbreytileikann frekar en að einblína fyrst og fremst á það sem sameinaði konur. (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 225) Staða barnlausra kvenna var tekin til umræðu í Kvinnalistanum og áherslan breyttist (Guðrún Vilmundardóttir, 1995, bls. 5).

En með því að einblína aðeins á margbreytileikann, það sem aðgreinir konur, gleymist í umræðunni það sem getur sameinað þær. Einstaklingar eru breytilegir eftir aðstæðum en konur sem hópur eru samt sem áður valdaminni en karlar. Konum er raðað félagslega á ákveðinn hátt vegna þess að þær eru konur þó að ekki sé endilega tekið mið af sameiginlegum einkennum þeirra (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994, bls. 30). Um þetta voru kvinnalistakonur meðvitaðar við móttun nýrrar stefnuskrár. Stefnuskráin tók mið af því að konur eru einstaklingar, þær eru mismunandi eftir því hver staða þeirra er hvort sem er í einkalífi eða á vinnumarkaði. Reynsluheimshugtakinu var þó ekki hafnað og hugmyndum um ákveðið gildis- og verðmætamat var haldið inni áfram sem hluti af siðferðilegri sýn Kvinnalists. Kafla um málefni samkynhneigðra var bætt við og sérstökum kafla um málefni fatlaðra. Tekið var fram að það þurfi að huga „að stöðu fatlaðra kvenna en kvenleg reynsla gleymist oft þegar leitað er lausna á málefnum fatlaðra“ (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 225).

Í stefnuskrá listans 1991 kemur meðal annars fram að „konur eigi sameiginlega reynslu og menningu samtímis því að aðstæður þeirra eru breytilegar og konurnar sjálfar um leið“. Í stefnuskránni er lögð áhersla á að það sé mikilvægt fyrir kvenfrelsi að hlusta eftir ólíkum röddum kvenna í allri stefnumótun. (Kvinnalistsinn, Stefnuskrá í landsmálum 1991, 1991, bls. 1)

Boðið var fram í öllum kjördæmum í alþingiskosningunum 1991 en þá fór fylgi Kvinnalists úr 10,1% í 8,3% og fækkaði þingkonum úr sex í fimm. Kosningabaráttan var erfið og innri átök tóku sinn toll af konunum. Úrslit kosninganna vöktu upp spurningar um pólitíska stöðu Kvinnalists og vildu margir meina að nú væri tími kvennaframboða liðinn (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 219). Nýjabrumið var farið af og Kvinnalistsinn hafði ekki lengur athygli fjölmiðlanna vegna þess að baráttumál Kvinnalists voru ekki lengur ný (Þórhildur Þorleifsdóttir, 1990, bls. 5). Fulltrúar hinna rötgrónu stjórnmalaflokka höfðu opnað augun fyrir því að konur voru nauðsynlegar til að sigra kosningar (Arnar Gíslason, 2003, bls. 12). Þrátt fyrir fylgistap þá hafði ekkert nýtt pólitískt afl náð sama árangri og Kvinnalistsinn og það var næg ástæða fyrir sumar kvennanna til að halda áfram (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 219).

Hér hefur verið fjallað um þá gagnrýni beindist að kvennalistakonum og þeirri hugmyndafræði sem hreyfingin stóð fyrir. Þrátt fyrir innri átök og hugmyndafræðilegan ágreining náðist samstaða um að skýra stefnuskrá hreyfingarinnar frekar þannig að ljóst væri að hreyfingin tæki mið að því að konur væru einstaklingar og ólíkar eftir því.

## 8 Endalok Kvennalistans

Hér verður fjallað um endalok Kvennalistans, hvernig ímyndin breyttist og hvernig þróun var á fylgi flokksins. Í upphafi var fylgi Kvennalistans mikið ef miðað er við nýtt stjórn málaafli en með tímanum fór fylgið minnkandi. Skýringanna var víða leitað en helst má benda á fjölgun kvenna í öðrum flokkum. Fjölgun kvenna á Alþingi frá árinu 1953-2011 verður sýnd myndrænt í þessum kafla, bæði til að sýna ástæður þess að kjósendur töldu Kvennalistans ekki þörf lengur og eins til að sýna áhrif Kvennalistans á fjölgun þingkvenna.

Samhliða hinum hugmyndafræðilega ágreiningi komu upp þrjú önnur ágreiningsmál. Í fyrsta lagi var ekki samstaða um afstöðuna til EES-samningsins en samstaða hafði verið eitt helsta einkenni Kvennalistans. Í öðru lagi voru ekki allar konurnar sáttar við þátttöku Kvennalistans í stofnun Reykjavíkurlista og í þriðja lagi var ágreiningur um samstarf við Alþýðuflokk og Alþýðubandalag, að mynda með þeim Samfylkinguna. (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 226)

Ímynd Kvennalistans tók miklum breytingum eftir þátttöku í framboði Reykjavíkurlistans. Fjölmíðlar birtu fréttir af skoðanaágreiningi listans og að á landsfundi Kvennalistans í nóvember 1991 hefði þurft að grípa tvisvar sinnum til atkvæðagreiðslu sem var ekki venjan enda umræðan hluti af hugmyndafræði Kvennalistans. Margir vildu meina að með aðkomu sinni að Reykjavíkurlistanum hefði Kvennalistinn sagt skilið við hugmyndafræði listans sem byggði á kvenfrelsi og femínisma og væri farin að vinna eins og aðrir stjórn málaflakkar í landinu. Kvennalistinn átti í alvarlegri kreppu og var búin að glata sérstöðu sinni sem þverpólísk stjórn málahreyfing (Sérstaðan orðin að einangrunarstefnu?, 1994, bls. 7).

Eins og áður hefur komið fram dalaði fylgi Kvennalistans í alþingiskosningunum 1991 þegar Kvennalistinn fékk 5 þingkonur kjörnar. Skýringanna var leitað víða en yfirleitt var vísað í fjölgun kvenna í öðrum flokkum, þá skoðun að sérframboð skiluðu almennt ekki miklu árangri og síðast ekki síst þær innbyggðis deilur sem Kvennalistinn glímdi við og óskýr

skilaboð um hvernig kvennabaráttunni skildi framvegis háttað (Kristín Ástgeirsdóttir, 1997, bls. 34).

Fyrir kosningarnar 1995 var framtíð Kvinnalistsans rædd frá ýmsum hliðum. Ákveðið var að ekki skyldi gera afgerandi breytingar á á starfi Kvinnalistsans að svo stöddu. Fimm kostir voru settir fram varðandi framtíð Kvinnalistsans. Í fyrsta lagi var það lagt til að vinna áfram að óbreyttri stefnu og efla Kvinnalistan, í öðru lagi að Kvinnalistinn hætti að bjóða fram við kosningar en yrði áfram til sem stjórnmalahreyfing og sneri sér að annars konar kvennabaráttu, í þriðja lagi að gefa körlum kost á því að taka sæti á framboðslista, í fjórða lagi að taka upp samstarf við önnur stjórnmalaoöfl og í fimmta lagi að Kvinnalistinn hætti starfsemi. Mestur tími fór í að ræða samstarf við önnur stjórnmalaoöfl og halda áfram óbreyttri stefnu (Stefnubreyting ekki tímabær en framtíðin óviss, 1994, bls. 11).


Ákveðið var að bjóða fram í kosningunum 1995. Ungu konurnar í Kvinnalistanum ætluðu sér langt og vildu koma „sínun konum“ í efstu sætin með hugmyndafræði í anda póstmóðernisma og hugmyndina um sameiginlegt félagshyggjuframboð í farteskinu. Líttill kraftur var í kosningabaráttunni og í fyrsta skipti í sögu Kvinnalistsans var lögð áhersla á að auglýsa einstakar konur en ekki hreyfinguna sem heild eins og venjulega (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 229).

Niðurstaða kosninganna voru Kvinnalistanum mikil vonbrigði. Kvinnalistinn fékk 5% atkvæða og þrjár þingkonur og voru því aftur komnar á byrjunarreit. Ljóst var að aðrir flokkar voru betur til þess fallnir að stjórna landinu og bæta hag kvenna (Kristín Ástgeirsdóttir, 1995, bls. 6). Kvinnalistinn hafði verið 12 ár í stjórnarandstöðu og var að glíma við hugmyndafræðilegan ágreining sem setti óneitanlega mark sitt á starf hreyfingarinnar sem fjölmiðlar voru nokkuð duglegir við að greina frá. Þetta gerði það að verkum að tregðu- og nöldursímynd fór að lita ímynd Kvinnalistsans (Þórunn Sveinbjarnardóttir, 2000, bls. 31).

Fjórflokkarnir höfðu sett jafnrétti á sínar stefnuskrár sem skilaði þeim fylgi. Sú stefna var sem fyrr falleg orð á blaði frekar en raunveruleg stefna sem átti að fylgja eftir (Kristín Ástgeirsdóttir, 1995, bls. 6). Kjósendum fannst vanta afrekaskrá Kvinnalistsans. Ekki var nóg að Kvinnalistinn hafði sett öll brýnust mál stjórnmalanna á dagskrá og vildi tækifæri til að sanna sig í ríkisstjórn, þær voru búnar með það tækifæri. Kjósendur vildu gefa gömlu flokkunum tækifæri til að sýna að þær gætu staðið við það sem þeir lofuðu (Þórunn Sveinbjarnardóttir, 2000, bls. 31).

Hér á meðfylgjandi mynd má sjá þá þróun sem varð á fjölgun kvenna á Alþingi á árunum 1953 – 2009. Ljóst er að Kvennalistinn átti stóran þátt í þessari fjölgun en eftir að hreyfingin var fyrst kjörin á þing fjölgaði konum úr 5% í 15% sem verður að teljast töluverð aukning. Eftir að áhrifa Kvennalistans fór að gæta jókst hlutfall kvenna um 1,2% á ári (Þorgerður Einarsdóttir, 2:2002, bls. 29).

Tafla 1



(heimild: Hagstofan 2011)

Þegar ljóst var að ekki væru miklar líkur á því að sérframboð kvenna biði fram aftur snerist deilan um það hvert skildi haldið. Hluti kvennanna vildi að lendingin yrði mjúk svo að íslensk kvennabarátta biði ekki skaða af. Þeim fannst eðlilegast að Kvennalistinn fengi sómasamlega útför eða lifði áfram sem hreyfing utan stjórn málaflókka. Hinar vildu sameinast Samfylkingunni og hafa nafn og orðstír Kvennalistans á sínu valdi (Kristín Ástgeirsdóttir, 1999, bls. 14). Meirihluti kvennanna voru á því að hugsjónum kvenfrelsis- og jafnréttisbaráttunnar væri best borgið innan Samfylkingarinnar þar sem félagshyggjuöflin myndu sameinast í einum flokki (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1999, b

ls. 15).

Á landsfundi 1997 átti að taka ákvörðun um aðild Kvennalistans að fyrirhuguðu framboði félagshyggjuafllanna. Þingflokkurinn var þríklofinn í afstöðu sinni (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 231). Meirihluti var fyrir aðildinni en þær konur sem voru mótfallnar henni töldu að meirihlutinn hefði sýnt minnihlutanum lítilsvirðingu þegar talsmaður samfylkingarsinna bað þær konur sem voru henni fylgandi að standa upp og sýna hversu margar þær voru. Minnihlutinn leit svo á að slík vinnubrögð væru aðeins til að sýna vald



meirihlutans. Grundvöllur Lýðræðisins sem hafði einkennt Kvinnalistans fram til þessa var umræðan en umræða kom ekki til greina að mati meirihlutans á þessari stundu. Landsfundurinn var mörgum kvennanna mikið áfall, sérstaklega þeim eldri sem höfðu starfað innan hreyfingarinnar frá upphafi og sögðu margar kvennanna sig úr hreyfingunni að loknum landsfundinu (Kristín Ástgeirsdóttir, 1999, bls. 12).

Á sextánda landsfundi Kvinnalistans árið 1998 var það formlega samþykkt að listinn tæki þátt í sameiginlegu framboði með Alþýðubandalagi og Alþýðuflokki með því skilyrði að fulltrúum Kvinnalistans yrði tryggt eitt af þremur efstu sætunum í öllum kjördæmum (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1999, bls. 15). Þessi krafa kvinnalistakvenna féll misvel í þingmenn A-flokkanna en þeir settu ekki fram nein skilyrði fyrir þátttöku sinni í Samfylkingunni eins og Kvinnalistinn gerði (Nýjar viðræður höggva á hnútinn, 1998, bls. 4). Á þeim sautjándra og jafnframt síðasta landsfundi Kvinnalistans var það síðan samþykkt að standa að stofnun nýs stjórn málaafsls með samstarfsaðilum í Samfylkingunni. Það var niðurstaða meirihluta kvinnalistakvenna að að svo stöddu væri hugsjónum kvenfrelsis- og jafnréttisbaráttunnar best borgið með öflugri samfylkingu félagshyggjuaflassa (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1999, bls. 15).

Með aðild Kvinnalistans að framboði Samfylkingarinnar til Alþingis lauk sögu sjálfstæðs þingsflokks Kvinnalistans þó svo að listinn hafi aldrei verið formlega lagður af (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 232-233).

Á fyrsta framboðslista Samfylkingarinnar voru konur 53%, níu konur af 17 þingmönnum (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1999, bls. 15). Tvær kvinnalistakonur fengu sæti á Alþingi en formlega voru þær þingkonur Samfylkingarinnar. Kosningarnar 1999 voru sigur fyrir konur en þeim fjölgaði í 22 og voru þá 35% þingmanna Glerþakið hafði verið rofið. (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 232).

## Niðurstaða

Kvennalistinn var róttæk, þverpólitísk stjórnálagshreyfing sem tókst að lifa lengur en nokkru öðru framboði hafði áður tekist, fyrir utan fjórflokkana. Kvennalistinn lifði í 16 ár og bauð fram í fjórum alþingiskosningum með góðum árangri til að byrja með en undir lokin var farið að halla undan fæti. Kvennalistinn greiddi leið íslenskra kvenna í pólitík og lítið hefði gerst framan af ef ekki hefði komið fram sú femíníska aðgerð sem fólst í stofnun Kvennalistans. Áhrif Kvennalistans voru mikil þó svo að þau hafi ekki komið öll fram um leið. Ljóst er að með tilvist Kvennalistans tókst að auka hlutfall kvenna á þingi og þegar yfir lauk að rjúfa glerþakið. Fyrsta árið sem Kvennalistinn bauð fram fór hlutfall kvenna úr 5% og upp í 15% og jókst um 1,2% á ári eftir það. Hinir rötgrónu stjórnálagflokkar tóku við sér og kvennalistakonur sýndu fram á að konur væru nauðsynlegar til að vinna kosningar. Ekki var lengur fært að útiloka konur. Kjósendur voru ekki eins vanafastir og áður og létu sig málefni varða.

Kvennalistakonur opnuðu nýjan heim hugtaka sem ekki höfðu verið í umræðunni áður, eins og þriðja víddin, kvennamening, reynsluheimur kvenna, kvennapólitík og svo mætti áfram telja. Þær sýndu fram á að konur geta vel unnið saman þrátt fyrir óvæga fjölmiðla og að samfélagið hefði litla trú á því.

Kvennalistanum tókst að breyta áherslunum í pólitík og þrátt fyrir að fá þingmál Kvennalistans hafi verið afgreidd tókst tilætlunarverkið og mikilvæg umræða fór af stað í þjóðfélaginu um málefni sem aldrei höfðu verið rædd á Alþingi. Málefni kvenna komust á dagskrá stjórnálaganna.

Það sem einkenndi kvennahreyfinguna var að þær vildu breyta ríkjandi vinnubrögðum og skapa raunverulegt lýðræði með valddreifingu og umræðum svo sameiginleg niðurstaða fengist um mikilvæg málefni. Framboðið var óhefðbundið og byggði á grasrótarskipulagi sem þekktist ekki í íslenskri pólitík. Umhverfið sem Kvennalistinn var sprottinn upp úr var afar óhentugt til að stunda grasrótarskipulag. Þegar inn á þing var komið var ljóst að til að breyta einhverju þurftu konurnar að taka það í sátt að til að ná einhverju fram þurftu þær völd. Kvennalistakonur voru trúar sinni sannfæringu og höfnuðu ríkisstjórnarsamstarfi þegar ljóst var að þeirra tillögur fengju ekki brautargengi. Þær töldu að það að svíkja kjósendur sína stangaðist algjörlega á við það sem hreyfingin stóð fyrir.

Við mótun hugmyndafræði Kvennaframboðs og síðar Kvennalista var lögð áhersla á að allar konur gætu fundið sig innan hreyfingarinnar með því að nota hugtakið

„reynsluheimur kvenna“ frekar en kvennamening. Kvinnalistinn lagði alla tíð mikla áherslu á það að konur gæti sameinast um jákvæða reynslu kvenna í stað þess að halda konum í fórnarlambsgírnum. Konur gátu sameinast í hugmyndafræði sinni og þær gátu sjálfar komið málefnum sínum á framfæri, það var löngu ljóst að enginn annar myndi gera það fyrir þær.

Hugmyndafræði Kvinnalistans sem byggði á sameiginlegum reynsluheimi kvenna var nauðsynleg í því árferði sem Kvinnalistinn varð til í. Kvinnalistakonur voru oft gagnrýndar fyrir að byggja hugmyndafræði hreyfingarinnar um og of á mæðrahyggju. Hugmyndir um hið kvenlega og móðurlega eðli sem var innbyggt í kvennameninguna voru taldar ala á eðlishyggju og gera lítið úr hugmyndinni um kvenfrelsi. Kvinnalistakonur neituðu þessu alla tíð og lögðu áherslu á að reynsluheimur kvenna væri sameiginlegur öllum konum, óháð stétt, stöðu eða barnafjölda. Áherslan á sameiginlegan reynsluheim kvenna styrkti konurnar, skapaði þeim jákvæða sýn á hlutverk og reynslu kvenna og aldrei var ætlunin að koma því áleiðis að konur væru einsleitur hópur sem væri alltaf sammála. Þær konur sem sameinuðust í hugmyndafræðinni komu allar úr ólíkum áttum en til að ná samstöðu og breidd þurftu þær hugmyndafræði sem allar konur gætu fundið sig í.

Undir það síðasta þegar nýjar áherslur innan femínismans fóru að skjóta rótum innan Kvinnalistans, hugmyndafræði margbreytileikans, fór að bera á deilum innan hreyfingarinnar. Kvinnalistakonur reyndu að takast á við þennan hugmyndafræðilega ágreining með því að leggja sérstaka áherslu á það í stefnuskrá hreyfingarinnar að konur væru einstaklingar og ólíkar eftir því.

Kvinnalistinn skapaði konum vettvang til að öðlast völd þó svo að framan af hafi þær barist gegn öllu valdabrölti. Undir lokin gerðu konurnar sér grein fyrir að völd væru nauðsynleg til að koma af stað breytingum. Þetta sýndi sig þegar samþykkt var að ganga til liðs við Samfylkinguna sem þá var í mótun. Meirihlutinn taldi að hagsmunum kvenna væri best borgið í Samfylkinginnu og nýttu sér völd sín til að það yrði að veruleika.

Saga Kvinnalistans er saga mikilla átaka, sigra og ósigra og að sama skapi saga gleði og vonbrigða eins og segir í undirtitli ritgerðarinnar, en það sem upp úr stendur er að konur eru komnar til að vera.

## Heimildaskrá

- Anna Ólafsdóttir Björnsson. (1995). Kvinnalífið til áhrifa. *Dagblaðið-Vísir* , 12.
- Anna Sveinbjarnardóttir. (1993). Heimspeki er nauðsynleg lífinu! *Morgunblaðið* , B6-B7.
- Arnar Gíslason. (2003). Ég veðja á konur í pólitík. *Vera* , bls 10-12.
- Ásta Kristjana Sveinsdóttir. (2000). Eðlishygga í endurskoðun. *Rannsóknarstofa í kvennafræðum* (bls. 1-5). Reykjavík: kistan.is.
- Auður Styrkáróttir. (1995). Ísland úr 6. sæti í 26. sæti ef Kvinnalífiðs nyti ekki við. *Vera* , 35.
- Auður Styrkáróttir. (1997). Mæðrahyggja: Frelsisafli eða kúgunartæki. Í R. T. Helga Kress, *Íslenskar kvennarannsóknir - Erindi flutt á ráðstefnu í október 1995* (bls. 272-278). Reykjavík: Háskóli Íslands Rannsóknarstofa í kvennafræðum.
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2003). *Orðræður um kyngervi, völd og virðingu í unglingsbækk*. Reykjavík: Háskóli Íslands Félagsvísindadeild.
- Bergljót Baldursdóttir. (1988). Kvinnahreyfing - en ekki flokkur. *Vera* , 13-17.
- Dahlerup, D. (1988). *Nú er kominn tími til - leiðarvísir fyrir konur í stjórnmálum*. Kaupmannahöfn: Ráðherranefnd Norðurlandanna.
- Einar Mar Þórðarson. (7. nóvember 2006). *Kynjabil í kosningum. Er kosningahegðun karla og kvenna ólík*. Sótt 16. júlí 2011 frá <http://politik.blog.is>: [http://politik.blog.is/users/90/politik/files/kynjabil\\_i\\_kosningum\\_1144.pdf](http://politik.blog.is/users/90/politik/files/kynjabil_i_kosningum_1144.pdf)
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (1995). Er kvinnabaráttan farin að kúga konur? *Morgunblaðið* , 6.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (1999). Kvinnabaráttan á tímamótum. *Vera* , 15-18.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (1994). Kvinnalífið. Breiðfylking eða þröngur hópur. *Vera* , 29-31.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (1996). Skiptir það máli fyrir kvinnabaráttuna að forseti lýðveldisins sé kona? *Vera* , 12-13.
- Guðný Guðmundsdóttir. (1983). Kvinnamenning og femínismi. *Dagblaðið-Vísir* , 12.
- Guðrún Vilmundardóttir. (1995). Refsingar innan Kvinnalífiðs. *Alþýðublaðið* , 5.
- Hagstofa Íslands 2011. Kosningar. Sótt 10 september 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=829&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=KOS02134%26ti=%DEingmenn+kj%F6rnir+%ED+al%FEingiskosningum+eftir+kyni+og+me%F0alaldri+1874%2D2009%26path=../Database/kosningar/althkjornir/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/%E1r>
- Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir. (2002). Femínismi - hvað er það? *Vera* , 16-19.
- Helga Kress. (1981). "Hvers má sín ein kona gagnvart 19 karlmönnum"? *Þjóðviljinn* , 2.
- Helga Sigurjónsdóttir. (1988). Jafnrétti eða kvenfrelsi, Jafnrétti á villigötum? Í H. Sigurjónsdóttir, *Í nafni jafnréttis* (bls. 23-38). Reykjavík: Bókrún hf.
- Helga Sigurjónsdóttir. (1988). Kvinnalífið - hvers konar afl? *Vera* , 5-8.
- Herngren M, Swedenmark E, Wennström A. (1999). *Gegnum glerþakið*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands.

- Hvað höfum við lært? (1985). Morgunblaðið , 48
- Inga Dóra Björnsdóttir. (1981). Á hugtakið kvennamening rétt á sér? *Þjóðviljinn* , 11.
- Inga Dóra Björnsdóttir. (1997). Gagnrýni og gróska. Um hlut gagnrýni í þróun kvennafræða. Í R. T. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. (1988). "Auðvelt að verða samdauna kerfinu". *Alþýðublaðið* , 4.
- Ingólfur Margeirsson. (1988). Af pólitísku sjálfsmorði og minnihlutastjórn. *Alþýðublaðið* , 5.
- Jón Birgir Pétursson. (1998). Kvinnalístin, grasrótarhreyfing sem lyfti grettistaki, virðist í dag eiga fárra kosta vól: Út úr pólitík af ótta við Jóhönnu - en verður ekki afskrifaður með öllu. *Dagblaðið-Vísir* , 20.
- Kristín Ástgeirsdóttir. (1995). Aftur á byrjunarreit. *Vera* , 6-7.
- Kristín Ástgeirsdóttir. (1988). Hvert liggja ræturnar. *Vera* , 9-12.
- Kristín Ástgeirsdóttir. (1997). Kvinnalístin og félagshyggjuöflin. *Morgunblaðið* , 34.
- Kristín Ástgeirsdóttir. (1999). Rödd Kvinnalístans þagnar. *Vera* , 10-14.
- Kristín Jónsdóttir. (2007). "Hlustaðu á þína innri rödd" *Kvennaframboð í Reykjavík og Kvinnalísti 1982-1987*. Reykjavík: Sögufélag.
- Kvinnalístin. (1991). Hverju viljum við koma til leiðar? *Vera* , 26-27.
- Kvinnalístin. (1991). *Stefnuskrá í landsmálum 1991*. Reykjavík: Kvinnalístin.
- María Jóhanna Lárusdóttir. (1995). Hverju hefur Kvinnalístin breytt? *Morgunblaðið* , B5.
- María Jóhanna Lárusdóttir. (1986). Þess vegna bjóðum við fram. *Morgunblaðið* , 50-51.
- Nýfrjálsbyggjan einkar kvenfjandsamleg. (1985). Rannveig Traustadóttir. *Þjóðviljinn* , 6
- Nýjar viðræður höggva á hnútinn. (1998). Nýjar viðræður höggva á hnútinn. *Dagblaðið-Vísir* , 4.
- Ragnhildur Eggertsdóttir. (1991). Tengsl foreldra og barna í hættu. Hvað er til ráða. *Morgunblaðið* , 20-21.
- Rósa Erlingsdóttir. (2003). Eru stjórnsmál kynjuð? - Staða kvenna í íslenskum stjórnsmálum í kjölfar kosninga og ríkisstjórnarmyndunar. *Kvenréttindafélag Íslands, Feministafélag Íslands og Mannréttindastofa Íslands*. Reykjavík: Feministafélag Íslands.
- Sérstaðan orðin að einangrunarstefnu? (1994). Sérstaðan orðin að einangrunarstefnu? *Alþýðublaðið* , 7.
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. (1994). Að gera til að verða, Persónusköpun í íslenskri kvennabaráttu. Í Þ. S. Ragnhildur Richter, *Fléttur* (bls. 87-113). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. (1987). Þá féndur fallast í faðma. *Morgunblaðið* , 16.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2001). Er til kvennasíðfræði. Í S. Þorgeirsdóttir, *Kvenna megin* (bls. 49-64). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2001). Heimspekingar um eðli kvenna. Í S. Þorgeirsdóttir, *Kvenna megin* (bls. 19-33). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2001). Jafnrétti, mismunur og fjölskyldan. Um mismun(un) og jafnrétti kynjanna í ljósi mótunarhyggju Judith Butler. Í S. Þorgeirsdóttir, *Kvenna megin* (bls. 77-94). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigríður Þorsteinsdóttir. (1995). Hafa orðið breytingar til batnaðar. *Dagur* , 7.
- Sólveig Ólafsdóttir. (1988). Kvinnalístin Tímabundin aðgerð. *Alþýðublaðið* , 4.
- Stefnubreyting ekki tímabær en framtíðin óviss. (1994). Stefnubreyting ekki tímabær en framtíðin óviss. *Morgunblaðið* , 11.
- Svava Guðmundsdóttir. (1981). Kvinnafraframbóðshópurinn er dottinn upp fyrir. *Neisti* , 12.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2004). „Hið vísindalega er pólitískt“ Femínismi sem fræðikenning andófst og breytinga. Í H. G. Þóroddur Bjarnason, *Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 200-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2000). Formáli. Í Þ. Einarsdóttir, *Bryddingar* (bls. 7-10). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Einarsdóttir, G. L. (1. tbl. 5. árg. 2009). Kynjaskekkja í stjórnámum; Breytingar og áhrifaþættir. *Stjórnám og stjórnsýsla, vef tímarit* , bls. 5-25.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2:2002). Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða? Um þáttaskil í íslenskri jafnréttisbaráttu. *Ritið*, 9-31.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2002). Kvinnabaráttan þarf á einhverri upplifun að halda, einhverju svona: "aha, já einmitt". *Vera* , 38-43.
- Þórhildur Þorleifsdóttir. (1990). Er Kvinnalístin á leið út úr íslenskum stjórnámum? *Morgunblaðið* , 14.
- Þórunn Sveinbjarnardóttir. (2000). Handhafar kvinnabaráttunnar. *Vera* , 31.
- Við féllum á fjölmiðlaprófinu. (1990). Við féllum á fjölmiðlaprófinu. *Þjóðviljinn* , 4.
- Össur Skarphéðinsson. (1987). Vendum kvæði í kross. *Þjóðviljinn* , 5.